

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um samgöngur til og frá Vestmannaeyjum.

Frá Kjartani Ólafssyni.

1. Hvað hefur verið gert í samgöngumálum Vestmannaeyinga árin 2000–2002 af samgönguráðuneytinu og stofnunum þess?
2. Hversu margir farþegar fóru til og frá Vestmannaeyjum árin 1990–2001
 - a. með flugi um Reykjavíkflugvöll,
 - b. með flugi um Bakkflugvöll,
 - c. með Herjólfí,
sundurliðað eftir árum?
3. Hvert var sætaframboðið í þessum ferðum, sundurliðað á sama hátt?
4. Hver var kostnaður farþega við þá ferðamöguleika sem nefndir voru í 2. lið?
5. Hver var þróun fraktflutninga og bílaflutninga með Herjólfí árin 1990–2001?
6. Hefur verið kannaður möguleiki á rekstri tvíbytnu og loftpúðaskips til og frá Vestmannaeyjum?
7. Hvenær mun nefnd sem ráðherra skipaði árið 2001 um samgöngumál Vestmannaeyinga skila endanlegri skýrslu?

Skriflegt svar óskast.